

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. mars 2020

Mál nr. E-1802/2019:

Félagsbúið Höfða sf. og db. Sigurðar Bergþórssonar

(Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður, Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður)

gegn

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Dómur

Mál þetta var höfðað 29. apríl 2019 og dómtekið 12. febrúar sl.

Stefnendur eru Félagsbúið Höfða sf., [...], [...], og dánarbú Sigurðar Bergþórssonar, skráð til heimilis að sama stað.

Stefnt er íslenska ríkinu.

Stefnandi Félagsbúið Höfða sf. krefst þess aðallega að stefndi greiði stefnanda Félagsbúinu Höfða sf. 11.862.771 kr. með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. mars 2012 til 20. september 2018, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda Félagsbúinu Höfða sf. 4.833.339 kr. með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. mars 2012 til 20. september 2018, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda Félagsbúinu Höfða sf. skaðabætur að mati dómsins með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. mars 2012 til 20. september 2018, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags.

Dánarbú Sigurðar Bergþórssonar krefst þess að stefndi greiði stefnanda 5.000.000 kr. með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. mars 2012 til 20. september 2018, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefjast stefnendur, hvor fyrir sig, málskostnaðar úr hendi stefnda. Dánarbú Sigurðar Bergþórssonar nýtur gjafsóknarleyfis samkvæmt ákvæðum

laga um meðferð sakamála og þess er krafist að málskostnaður verði tildæmdur dánarbúinu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnenda, en til vara er krafist verulegrar lækkunar dómkrafanna. Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins, en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Stefnandi Félagsbúið Höfða sf. (hér eftir félagsbúið) heldur utan um búrekstur á jörðinni Höfða í Borgarnesi, þar með talið eignarhald á búfjárstofni. Stofnendur félagsins voru bræðurnir Dagbjartur, Eysteinn og Sigurður Bergþórssynir, en sá síðastnefndi var upphaflega annar af stefnendum þessa máls ásamt félagsbúinu. Sigurður Bergþórsson lést 4. desember 2019 og tók dánarbú hans þá við málsaðild. Sigurður heitinn mun, ásamt bræðrum sínum, hafa stundað búfjánhald á Höfða um margra áratuga skeið. Undir rekstri málsins hefur komið fram að opinberir eftirlitsaðilar höfðu á umliðnum árum haft endurtekin afskipti af dýrahaldi Sigurðar. Af hálfu stefnda hefur einnig komið fram að frá því að Matvælastofnum (hér eftir MAST) og áður forveri stofnunarinnar, Landbúnaðarstofnun, tók til starfa árið 2008 hafi stofnunin ítrekað haft afskipti af búfjánhaldi á Höfða. Þá mun embætti yfirdýralæknis sömuleiðis hafa þurft að hafa afskipti af búfjánhaldinu, áður en embættið var sameinað öðrum ríkisstofnunum í Landbúnaðarstofnun árið 2006.

Málið sem hér er komið til úrlausnar héraðsdóms á rætur sínar að rekja aftur til 30. janúar 2012, þegar fulltrúar MAST fóru í vitjun að Höfða í þeim tilgangi að sinna eftirliti á bænum. Í kjölfarið var Sigurði heitnum gert kunnugt að stofnunin teldi að búfjánhald hans væri ekki í samræmi við lög um búfjánhald nr. 103/2002, reglugerð nr. 600/2000 og lög um dýravernd nr. 15/1994, nánar tiltekið sökum vanfóðrunar, skorts á fullnægjandi húsrými og vanrækslu á brynningu.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu 6. febrúar 2012 sem unnin var m.a. af héraðsdýralækni vesturumdæmis var sauðfé á bænum talið og holdastigað, auk þess sem aðbúnaður þess og umhirða var metin. Frávik komu fram við eftirlitið, en alvarlegustu athugasemdirnar lutu að því að brynningu vantaði fyrir sauðfé og húsakostur væri ónógur fyrir féð. Alvarlegar athugasemdir voru jafnframt gerðar viðvíkjandi umhirðu fjárins, það var sagt rýrt og talið þrífast illa við þær aðstæður sem því voru búnar. Samkvæmt gögnum málsins mældust 76 ær sérlega lágt í holdastigun og voru 15 þeirra taldar í svo slæmu ástandi að

lóga þyrfti þeim strax. Ljóst þótti að vanmetafé væri of margt, auk smálamba sem hefðu verið afétin og ekki stíað frá öðru fé, né sinnt sérstaklega í umhirðu og fóðrun.

Með bréfi 7. febrúar 2012 upplýsti MAST um niðurstöður eftirlitsins og kröfur stofnunarinnar í því samhengi. Veittur var fjögurra daga frestur til andmæla og athugasemda. Nánar tilgreint fór MAST fram á að bætt yrði við húsrými fyrir féð, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 60/2000. Fjöldi fjár við talningu var 1076 kindur, en húspláss var fyrir 750 kindur, sem talið var kalla á fækkun eða aukinn húsakost sem næmi 326 kindum. Jafnframt var gerð sú krafa að tryggt yrði vatnsrennsli í öllum fjárhúsum þannig að féð hefði ávallt nægan aðgang að hreinu vatni. Gögn málsins bera ekki með sér að framangreindum kröfum MAST hafi verið andmælt eða gerðar athugasemdir við eftirlitsskýrsluna og með bréfi MAST 14. febrúar 2012 upplýsti MAST um ákvörðun sína og veitti úrbótafrest til 27. sama mánaðar, ella yrði krafist vörslusviptingar, sbr. 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Að síðastgreindum fresti liðnum framkvæmdi MAST eftirlit að nýju í þeim tilgangi að kanna hvort brugðist hefði verið við fyrirmælum stofnunarinnar. Samkvæmt framlagðri eftirlitsskýrslu fór sú skoðun fram 1. mars 2012. Leitt þótti í ljós að búið væri að bæta úr einhverjum þeim atriðum sem kröfur MAST lutu að, en ekki öllum og að aðbúnaður sauðfjár væri í engu samræmi við kröfur reglugerðar nr. 60/2000. Með því að MAST taldi sýnt að ekki hefði verið gripið til viðeigandi ráðstafana ákvað stofnunin að vísa málinu til lögreglustjóra samkvæmt ákvæði 16. gr. laga nr. 103/2002, sbr. bréf stofnunarinnar 9. mars 2012 þar sem farið var fram á það við lögreglustjóra að Sigurður yrði sviptur vörslum á öllu sauðfé umfram 749 kindur. Byggðist krafan á því að stefnandi Sigurður hefði ekki nægilegt húsrými fyrir fé umfram þann fjölda.

Með bréfum 16. og 21. mars 2012 gaf MAST ábúendum fyrirmæli um úrbætur á öðrum þáttum, m.a. húsakosti þannig að húsin gætu haldið 749 kindur. Tekið var fram í bréfunum að MAST hefði farið fram á vörslusviptingu alls sauðfjár umfram 749 kindur, en að sá hluti málsins væri til meðferðar hjá lögreglu og yrði fylgt eftir á þeim vettvangi. Enn væri ófullnægjandi húsakostur á jörðinni fyrir 167 kindur af þeim 749 kindum sem stefnendur héldu, en tilefni væri til að veita aukinn frest til úrbóta að því leyti.

Gögn málsins sýna að krafa um um vörslusviptingu var send til lögreglustjóra og fulltrúa sveitarfélagsins með tölvupósti föstudaginn 9. mars 2012, kl. 14:53. Sömu gögn sýna að lögreglan staðfesti fyrst móttöku tölvupóstsins mánudaginn 12. mars 2012. Samkvæmt bréfi sýslumannsins í Borgarnesi 22. mars 2012 framkvæmdi embættið

vörslusviptingu á 329 kindum með því að fulltrúi sýslumanns „kom að bænum Höfða og afhenti umboðsmanni [Sigurðar] bréf þess efnis að féð væri vörslusvipt, en myndi vera áfram á Höfða þar til niðurstaða skv. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., lægi fyrir.“ Í sama bréfi er áréttað að Sigurði hafi með bréfi embættisins 13. mars 2012 verið veittur fjögurra daga andmælafrestur, en að engin andmæli hafi borist frá Sigurði, aðeins skjal dagsett 13. mars 2012 þar sem fram komi að Sigurður hafi selt og afsalað 329 kindum til Agnars Þórs Magnússonar. Í bréfi embættisins er tekið fram að upplýst sé „að kindurnar hafi verið fluttar að bæ Agnars; Stafholtsveggjum II“ og að það hafi verið gert með samþykki sýslumannsembættisins. Þá hafi jafnframt verið staðfest með talningu starfsmanns Búnaðarsambands Vesturlands að á síðastnefndum bæ væru sannanlega 329 kindur sem komnar væru frá Höfða. Með hliðsjón af þessu og með vísan í reglur stjórnisýsluréttar um meðalhóf, auk þeirrar staðreyndar að með sölu hafi verið uppfyllt það markmið vörslusviptingaraðgerðarinnar að taka féð úr vörslum Sigurðar, var vörslusvipting á 329 kindum samkvæmt þessu felld úr gildi og tekið fram að málinu teldist lokið hjá embættinu.

Fyrir liggur að MAST lagði fram kæru til lögreglu á hendur Sigurði Berþórssyni heitnum 24. apríl 2012, fyrir að hafa vanfóðrað 15 kindur sem aflífaðar voru samhliða fyrrnefndu eftirliti 30. janúar 2012, fyrir að hafa ekki tryggt búfé fullnægjandi rými í húsum og fyrir að hafa ekki haft fullnægjandi brynningu fyrir sauðfé.

Af hálfu lögreglustjórans í Borgarnesi var gefin út ákæra á hendur Sigurði heitnum 23. september 2013 fyrir brot gegn lögum um dýravernd nr. 15/1994 og reglugerð um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra nr. 60/2000. Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands 16. desember 2014 var tveimur ákæruliðum af þremur vísað frá dómi. Með bréfi lögreglustjóra 6. febrúar 2015 var lögmanni Sigurðar tilkynnt að ákveðið hefði verið að afturkalla ákæru vegna þess eina ákæruliðar sem eftir stóð og laut að skorti á húsrými. Var málið þar með niður fallið.

Af hálfu Sigurðar var með bréfi 20. ágúst 2018 óskað eftir afstöðu ríkislögmans til greiðslu miska- og skaðabóta á grundvelli þágildandi 2. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála, um hlutlæga bótaábyrgð, þar sem mál á hendur stefnanda Sigurði hefði verið fellt niður. Bótaskyldu var hafnað með bréfi ríkislögmans 12. október 2018 og var mál þetta höfðað í framhaldi af því og fékk Sigurður heitinn gjafsóknarleyfi vegna málsins 1. mars 2017.

II.

Aðild stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. er á því byggð að félagið sé eigandi sauðfjárstofnsins á Höfða og því eigandi þess fjár sem var andlag vörslusviptingaraðgerðarinnar 14. mars 2012. Aðgerðir MAST og lögreglu hafi einungis beinst að Sigurði heitnum, en félagið eigi þó eitt skaðabótakröfu vegna þess fjártjóns sem af háttsemi lögreglu hafi leitt, sbr. 25. gr. laga um sameignarfélög nr. 50/2007. Stefnandi Félagsbúið Höfða sf. hafi því lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfu sína.

Miskabótakrafan hafi tilheyrt Sigurði einum og dánarbúið eigi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um hana. Samkvæmt þessu byggja stefnendur á því að aðgerðir lögreglu þann 14. mars 2012 hafi orsakað tjón þeirra beggja. Dómkröfur stefnenda eigi rætur að rekja til sama atviks og aðstöðu í skilningi 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Íslenska ríkið beri ábyrgð á ólögætum rannsóknaraðgerðum lögreglu skv. XXXIX. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þá beri stefndi jafnframt ábyrgð á öðrum stjórnvaldsákvörðunum handhafa lögregluvalds, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögglulaga nr. 90/1996, sbr. 4. gr. laganna.

Stefnendur byggja aðallega á því að vörslusviptingin 14. mars 2012 hafi verið ólögæt og tilefnislaus aðgerð, sem hafi valdið þeim tjóni. Vörslusviptingin hafi verið framkvæmd af lögreglustjóranum í Borgarnesi og á hans ábyrgð. Stefnendur byggja aðallega á því að vörslusviptingin hafi verið rannsóknaraðgerð í skilningi laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Til vara byggja stefnendur á því að ákvörðunin hafi verið stjórnvaldsákvörðun sem hafi verið ólögæt, ásamt því að málsmeðferðin í aðdraganda hennar hafi verið í andstöðu við reglur stjórnsýsluréttar.

Stefnendur byggja skaðabótakröfur sínar aðallega á 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, þar sem stefndi beri hlutlæga ábyrgð á fjártjóni og miska stefnenda vegna ólögættra rannsóknaraðgerða lögreglu. Fyrir liggir að afdrif sakamáls sem lögreglustjórinn í Borgarnesi höfðaði á hendur stefnanda Sigurði hafi orðið þau að ákæru var vísað frá dómi og fallið frá saksókn í kjölfarið. Þá vísa stefnendur til þess að þær aðgerðir sem fram fóru 14. mars 2012 hafi verið ólögætтар og tilefnislausar.

Stefnendur telja að Sigurður heitinn hefði átt að njóta réttarstöðu sakbornings vegna vörslusviptingaraðgerða lögreglu á heimili hans 14. mars 2012. Að þessu hafi

ekki verið gætt og aðgerðin farið fram án þess að Sigurði væri gefinn kostur á að hafa verjanda viðstaddan.

Telja stefnendur að í tilvikum sem þessum eigi lög um meðferð sakamála, sem ætlað er að tryggja réttaröryggi sakborninga, að gilda um slíkar aðgerðir. Annað væri í andstöðu við þá meginreglu sakamálaréttarfars að veita aðilum máls réttarstöðu sakbornings í vafatilvikum. Þá benda stefnendur enn fremur á að vörslusvipting á grundvelli 4. mgr. 16. gr. búfjárlaga nr. 103/2002 sé framkvæmd af handhafa lögregluvalds og á hans ábyrgð, en ekki annarra stjórnvalda. Það bendi sterklega til þess að aðgerðin sé liður í rannsókn sakamáls og ættu þeir sem slíkum aðgerðum er beint að að njóta réttarstöðu sakbornings en ekki aðilastöðu í stjórnslumáli. Samkvæmt þessu hafi málsmeðferðin við vörslusviptinguna ekki verið í samræmi við 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Stefnendur byggja á því að stjórnvöld hafi allt frá upphafi málsins þann 30. janúar 2012 talið að Sigurður hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi, en við þær aðstæður beri að fella rannsóknir undir sakamálarannsóknir, enda sé þá markmiðið að kanna hvort refsivert brot hafi verið framið sem kunnir að leiða til útgáfu ákæru. Í það minnsta ætti framkvæmd þvingunaraðgerða lögreglu við slíkar aðstæður að vera í samræmi við lög um meðferð sakamála.

Stefnendur benda á að í 16. gr. búfjárlaga nr. 103/2002 sé mælt fyrir um úrræði og málsmeðferð vegna vanrækslu í búfjárhaldi. Rannsóknarskylda og málsmeðferð sé í höndum héraðsdýralæknis, héraðsráðunautar, MAST og viðkomandi sveitarstjórnar. Stefnendur byggja á því að aðkoma lögreglu á þessum grundvelli geti ekki verið á öðrum forsendum en sem liður í rannsókn eða meðferð sakamáls og því gildi lög um meðferð sakamála um framkvæmdina.

Af lögskýringargögnum telja stefnendur ljóst að þegar mál séu komin í þann farveg að vörslusvipting þurfi að fara fram, sé jafnframt ljóst að meint brot séu það alvarleg að þau kunnir að varða refsingu. Af því leiði að lögregla taki yfir þann þátt málsins, sem sé þá liður í rannsókn sakamáls. Þá sé einnig um að ræða þvingunarráðstöfun, en við framkvæmd slíkrar aðgerðar sé brýnt að þeir aðilar sem aðgerðin beinist að njóti réttarverndar sem sakborningar.

Sigurður heitinn hafi verið ákærður 23. september 2013. Af gögnum þess máls megi ráða að rannsóknin hafi að mestu leyti byggst á rannsókn stjórnvalda á vettvangi

í aðdraganda vörslusviptingarinnar. Gögn málsins bendi eindregið til þess að lögregla hafi allt frá upphafi aðkomu sinnar að málinu talið að um refsiverða háttsemi væri að ræða og að vörslusviptingin hafi verið liður í rannsókn sakamáls. Lög um meðferð sakamála geri ráð fyrir því að menn njóti ákveðinnar réttarverndar við rannsókn sakamála. Það sé því ekki hægt að sneiða hjá þeim með því að telja að vörslusvipting sé stjórnvaldsathöfn sem komi sakamálarannsókninni ekkert við þegar sú hin sama rannsókn leiðir síðar til útgáfu ákæru.

Ef ekki verður talið að vörslusvipting í skilningi laga um meðferð sakamála hafi farið fram byggja stefnendur á því að fram hafi farið kyrrsetning á eignum stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. dagana 13. til 22. mars 2012. Stefnendur telja að sú kyrrsetning hafi farið fram á grundvelli 88. gr. sml. Slík aðgerð hefði ekki getað farið fram nema á grundvelli laga um meðferð sakamála, enda engin lagaheimild til kyrrsetningar búfjár í búfjárlögum nr. 103/2002. Að öðru leyti byggja stefnendur á öllum sömu málsástæðum og að framan um haldlagningu.

Verði ekki fallist á að vörslusviptingin 14. mars 2012 hafi verið liður í rannsókn sakamáls byggja stefnendur á því til vara að aðgerðin hafi verið stjórnvaldsákvörðun. Stefnendur telja stjórnvaldsákvörðunina ólögmeta og að brotið hafi verið á málsmeðferðarreglum stjórnvæðingaráttar við ákvörðunartökuna. Stefnendur hafi orðið fyrir tjóni sem stefnda beri að bæta á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar, þ.e. sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Miskabótakrafa dánarbús Sigurðar grundvallist að auki á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

Stefnendur byggja á því að vörslusviptingin sem slík hafi verið sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun, óháð fyrri stjórnvaldsákvörðunum MAST, og hafi þurft að vera í samræmi við ákvæði stjórnvæðingaráttar nr. 37/1993 og sérreglur búfjárlaga nr. 103/2002 um málsmeðferð í aðdraganda slíkrar ákvörðunar.

Stefnendur vísa til þess að samkvæmt 3. mgr. 16. gr. búfjárlaga nr. 103/2002 þurfi vörslusvipting lögreglu að fara fram innan tveggja sólarhringa eftir að frestur til að verða við úrbótum samkvæmt kröfu Matvælastofnunar rennur út. Með bréfi 14. febrúar 2012 hafi MAST veitt stefnanda frest til 27. febrúar 2012 til þess að verða við kröfum um úrbætur, en vörslusviptingin hafi farið fram 14. mars 2012, sextán dögum síðar. Þá hafi beiðni MAST um vörslusviptingu verið dagsett 9. mars 2012, en vörslusviptingin farið fram tæpum fimm dögum síðar. Því sé ljóst að frestur til að

framkvæma vörslusviptingu á grundvelli fyrrgreinds lagaákvæðis hafi verið runninn út og að lögreglu hafi því brostið lagaheimild til vörslusviptingar, sbr. einnig 8. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Stefnendur byggja jafnframt á því að rannsókn lögreglu og MAST hafi í engu snúið að því hvernig aðstaðan var á bænum eftir að frestur til að framkvæma vörslusviptinguna rann út og því hefði þurft að fara fram ný rannsókn. Af þessu leiði að vörslusviptingin hafi ekki einungis verið framkvæmd án lagastoðar, heldur hafi málið jafnframt verið órannsakað á þeim tímapunkti, í andstöðu við fyrirmæli 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Stefnendur telja að vörslusviptingaraðgerðin hafi farið fram án lagaheimildar. Ákvörðunin hafi því verið ógild og brot á lögmætisreglu stjórnsluréttar. Ljóst sé að ákvörðunin hefði verið ógildanleg fyrir dómstólum á sínum tíma. Stefnendur telja að þegar af þessari ástæðu sé um að ræða saknæma og ólögmæta háttsemi.

Stefnendur telja jafnframt að málsmeðferðin í aðdraganda vörslusviptingarinnar hafi ekki verið í samræmi við lög. Þannig hafi rannsókn í aðdraganda stjórnvaldsákvörðunarinnar verið ófullnægjandi í skilningi 10. gr. stjórnslulaga. Þá byggja stefnendur einnig á því að meðalhófsregla 12. gr. stjórnslulaga hafi verið brotin, enda augljóst að engin þörf hafi verið á að beita vörslusviptingu eða eftir atvikum kyrrsetningu.

Fjártjón stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. sé vegna vörslusviptingar 329 fjár og miskabótakrafa dánarbús Sigurðar grundvallist á ólögmætri meingerð sem sú aðgerð hafi falið í sér.

Aðalkrafa stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. er studd við viðmiðunarverð Bændasamtaka Íslands í tryggingamati á sauðfé (ám) fyrir árið 2012. Þannig grundvallist krafa stefnanda á því að tryggingamat fyrir á þann 14. mars 2012 hafi verið 15.191 kr. Verðið sé fundið þannig út:

„Grunnverð ær er 9.055 kr. Verð á ám hækkar um 59 kr. á dag eftir 1. desember. Verðaukning á ám frá 1. desember 2011 til 14. mars. 2012 (104 dagar), $104 \times 59 = 6.136$ kr.

$9.055 + 6.136 = 15.191$ kr.

Við verðið bætist síðan meðalverð lambgimbra og lambhrúta samkvæmt fyrrgreindum lista að teknu tilliti til meðalfjölda lamba samkvæmt yfirlitsskýrslum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um frjósemi sauðfjár í Mýrasýslu árið 2012.

Meðalfjöldi lamba er meðtals frjósemi fyrir veturgamlar ær og eldri ær, skv. listunum. Stefnandi tekur fram að almennt sé þó samsetning sauðfjárhjarða nær 80% eldri ær og 20% gemlingar. Kröfugerð sem byggir á meðalfrjósemi, sbr. framangreint er því stefnda í hag. Stefnandi telur rétt að lambverð sé reiknað með þessum hætti í kröfugerð, enda fór vörslusviptingin fram um miðjan mars, stuttu fyrir sauðburð. Lambverð er reiknað með eftirfarandi hætti og bætt er við fyrrgreint verð sauðfjár: Lambgimbrar og lambhrútar (meðalverð): $12.696 + 21.762 = 34.458$; $34.458/2 =$ **17.229 kr.**

Meðalfjöldi lamba í Mýrasýslu árið 2012: 1.76 (eldri ær) + 0.73 (veturgamlar ær) = 2.49 ; $2.49/2 =$ **1.24**

Ráðgerður fjöldi óborinna lamba við vörslusviptingu: $1.24 \times 329 =$ **408**

Verðmæti óborinna lamba m.v. framangreint: $408 \times 17.229 =$ **7.029.432 kr.**

Verð sem fékkst fyrir kindur dags. 13.3.2012 er dregið frá höfuðstól, 164.500 kr. Þá krefst stefnandi skaðabótavaxta frá tjónsdegi, 14. mars 2012 til 20. september 2018, sem er mánuði síðar en bótakrafa var send ríkislögmanni og dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags.“

Aðalkrafa stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. sundurliðist með eftirfarandi hætti:

| | |
|----------------------------------|------------------------------|
| 329 ær (15.191 kr. hver): | 4.997.839 kr. |
| 408 lömb (meðalverð 17.229 kr.): | 7.029.432 kr. |
| Frádregið verð vegna sölu: | - 164.500 kr. |
| Samtals: | <u>11.862.771 kr.</u> |

Varakrafa stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. sé byggð á sömu forsendum að öðru leyti en því að þar sé ekki gert ráð fyrir lambsverði. Varakrafan sundurliðist því með eftirfarandi hætti:

| | |
|-------------------------------|-----------------------------|
| 329 ær (15.191 kr. hver): | 4.997.839 kr. |
| Frádregnar tekjur vegna sölu: | - 164.500 kr. |
| Samtals: | <u>4.833.339 kr.</u> |

Verð sem fékkst fyrir kindur 13. mars 2012 sé dregið frá höfuðstól, 164.500 kr. Þá krefst stefnandi skaðabótavaxta frá tjónsdegi, 14. mars 2012, til 20. september

2018, sem er mánuði síðar en bótakrafa var send ríkislögmanni, og dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Prautarvarakrafa stefnanda Félagsbúsins Höfða sf. byggist á því að bótaskylda stefnda sé ljós, hvort sem byggt er á hlutlægum grundvelli eða sakargrundvelli. Takist stefnanda ekki að sýna fram á umfang tjóns síns sé á því byggt að rétt sé að dæma stefnanda bætur að álitum. Þá er jafnframt krafist skaðabótavaxta frá tjónsdegi, 14. mars 2012, til 20. september 2018, sem er mánuði síðar en bótakrafa var send ríkislögmanni, og dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Dánarbú Sigurðar krefst miskabóta að fjárhæð 5.000.000 kr., með vísan til þeirra raka að enginn ætti að þurfa að þola aðgerðir af því tagi sem um ræði í þessu máli bótalaust. Í málinu hafi verið lagðar mjög íþyngjandi stjórnvaldsathafnir á Sigurð heitinn, án tilefnis. Þá hafi hann jafnframt verið beittur þvingunarúrræðum á grundvelli laga um meðferð sakamála, eða ólögætrar stjórnvaldsákvörðunar. Það hafi verið Sigurði þungbært að þurfa að losa sig við stóran hluta af búfjárstofni sínum í því skyni að forða honum frá slátrun, vegna ólögætra aðgerða lögreglu. Um grundvöll miskabótakröfu er vísað til 5. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála og b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, en til vara byggist krafan á almennum reglum skaðabótaréttar, sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Stefnendur telja ljóst að orsakatengsl séu milli ólögætra athafna lögreglu og tjóns stefnanda. Stefnendur hafi verið vörslusviptir fénu og staðið frammi fyrir því að fénu yrði fargað eða því ráðstafað gegn þeirra vilja. Af þessari ástæðu hafi Sigurður heitinn ráðstafað fénu til þess að lágmarka yfirvofandi tjón og bjarga dýrunum frá förgun.

III.

Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að vörslusviptingin sem um ræðir hafi grundvallast á lögum um meðferð sakamála, sbr. IX. kafla laganna um hald á munum. Aðgerðir sem ráðist var í hafi ekki farið fram í tengslum við rannsókn sakamáls og því geti ákvæðið í 1., sbr. 2. mgr., 246. gr. laga nr. 88/2008 ekki komið til greina varðandi greiðslu bóta.

Stefndi telur ljóst að stjórnvöld hafi fylgt því verklagi sem 16. gr. laga nr. 103/2002 kvað á um. Jafnframt sé ljóst að fullt tilefni hafi verið til allra aðgerða stjórnvalda og markmið eftirlitsins og aðgerða í framhaldinu hafi eingöngu verið að

tryggja fóðrun og aðbúnað fyrir búfénað stefnenda. Þau úrræði og aðgerðir sem beitt hafi verið í málinu hafi eingöngu byggst á þessum sjónarmiðum. Jafnframt telur stefndi ljóst að afskipti stjórnvalda hafi ekki með neinum hætti verið byggð á 68. gr. laga nr. 88/2008 um haldlagningu. Raunar sé rétt að áréttta að vörslusvipting hafi í raun aldrei farið fram, enda hafði Sigurður verið búinn að ráðstafa fénu með sölu til annars manns áður en til vörslusviptingar kom og sýslumaður hafi því aldrei tekið féð úr vörslum stefnenda. Í það minnsta telur stefndi ljóst að vörslusvipting, verði talið að hún hafi í raun farið fram, hafi ekki verið hluti af rannsókn lögreglunnar á ætluðum brotum ábúandans vegna velferðar búfénaðarins. Fyrirætlanir um vörslusviptingu hafi þannig ekki verið þáttur í því að leggja hald á féð þar sem það hefði sönnunargildi í sakamáli eða að fjárins hefði verið aflað á refsiverðan hátt eða það kynni að verða gert upptækt á síðari stigum, svo sem kveðið sé á um í 68. gr. sakamálalaga. Þvert á móti hafi afskiptin eingöngu miðað að því að tryggja búfénaði þá fóðrun og aðbúnað sem löggjöfin kvað á um, þ.e. að knýja fram úrbætur um fóðrun og aðbúnað.

Í lögnum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 sé lögreglu falið það hlutverk að sjá um að aðstoða eftirlitsaðila, m.a. við vörslusviptingu búfjár, ráðstöfun þess og eftir atvikum aflífun búfjár, sbr. 16. gr. Með öðrum orðum sé gert ráð fyrir aðkomu lögreglu þegar beita þarf valdi. Stjórnunarheimildir lögreglu séu árétttaðar í almennum athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 103/2002, en þar komi fram að lögreglan stjórnri aðgerðum ef grípa þarf til harðari aðgerða, svo sem vörslusviptingar eða aflífunar.

Við eftirlit komi oftast en ekki fram einhver frávik þar sem brotið er gegn lögum eða reglugerðum, án þess að ákvörðun liggja fyrir um að kæra mál til lögreglu eða beita einhverjum viðurlögum. Eftirlit sem þetta sé eitt meginverkefni MAST, sem og annarra eftirlitsstofnana á vegum hins opinbera, og að mati stefnda sé fráleitt að halda því fram að allir þeir sem þurfa að sæta eftirliti samkvæmt lögum um búfjárhald skuli fá réttarstöðu sakbornings, þótt frávik finnist við eftirlit. Það sé reyndar í höndum þeirra sem sæta eftirliti að bæta úr frávikum samkvæmt kröfum MAST og sé það gert með fullnægjandi hætti komi ekki til neinna frekari aðgerða.

Ákvörðun MAST um að kæra stefnanda Sigurð til lögreglu vegna brota á lögum um dýravernd og reglugerðum um aðbúnað búfjár og ákvörðun lögreglustjóra um að gefa út ákæru í framhaldinu hafi ekkert komið við þeirri vörslusviptingu sem fyrirhuguð var, en fór þó í raun aldrei fram svo sem rakið hefur verið hér að framan.

Með vísan til framangreinds telur stefndi alveg ljóst að aðgerðir sem beindust að stefnendum í máli þessu hafi ekki staðið í neinum tengslum við rannsókn sakamáls, né heldur hafi þær byggst á ákvæðum þeirra laga um þvingunaraðgerðir. Aðkoma lögreglustjóra að málinu hafi því ekki verið á grundvelli sakamálalaga, heldur á grundvelli 3. mgr. 16. gr. laga um búfjárhald o.fl., þar sem lögreglustjóra er falið að aðstoða eftirlitsaðila við vörslusviptingu búfjár. Engu breyti í því efni þótt lögreglustjóri beri þar með ábyrgð á vörslusviptingunni sjálfri og stjórn slíkrri aðgerð. Enn síður sé unnt að líta svo á að um hafi verið að ræða kyrrsetningu samkvæmt 88. gr. sakamálalaga. Hvergi sé getið um kyrrsetningu í lögum um búfjárhald o.fl. og þar að auki höfðu stefnendur þegar ráðstafað því fé sem fyrirhugað var að svipta þá vörslum yfir, með sölu til annars manns, þegar vörslusviptingin átti að fara fram.

Stefndi bendir á að jafnvel þótt talið yrði að ákvæði sakamálalaga hefðu átt við um aðgerðir stjórnvalda gagnvart stefnendum og að 246. gr. þeirra laga um hlutlæga bótaábyrgð stefnda gæti komið til skoðunar í því sambandi, þá geti dánarbú Sigurðar aldrei komist fram hjá þeim fyrirvara sem kveðið er á um í 2. málslíð 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Í því sambandi er bent á að fyrir liggi að stefnandi hafi sjálfur borið ábyrgð á fóðrun og aðbúnaði sauðfjár á Höfða og telur stefndi að með vanrækslu sinni hafi Sigurður heitinn sjálfur valdið eða í það minnsta stuðlað að aðgerðum gegn sér. Sami fyrirvari sé gerður í 2. málslíð 3. mgr. 246. gr. sem eigi þá við um stefnanda Félagsbúið Höfða sf. Beri því, að mati stefnda, að fella niður bætur til stefnanda samkvæmt framangreindum ákvæðum sakamálalaga.

Hvað viðvíkur málástæðum stefnanda um ætlaða ólögmetta stjórnvaldsákvörðun telur stefndi ljóst að fullt tilefni hafi verið til aðgerða af hálfu MAST til að knýja fram úrbætur til að bæta aðbúnað og umhirðu búfjár hjá stefnendum. Stefndi telur ljóst að MAST hafi fylgt því verklagi sem 16. gr. laga nr. 103/2002 kveður á um. Stefnendum hafi verið veittur frestur til að koma að andmælum eða athugasemdum og jafnframt til að bæta úr aðbúnaði og umhirðu sauðfjár, án þess að fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar. Í samræmi við úrræðaferli laganna hafi málið þá verið sent til lögreglustjórans sem mætti á staðinn til vörslusviptingar, sem í raun fór aldrei fram að mati stefnda.

Stefndi byggir á því að það ferli sem kveðið er á um í 16. gr. sé heildstætt úrræðaferli sem verði ekki slitið í sundur með þeim hætti sem málatilbúnaður stefnanda byggir á. Það verði þannig ekki lesið úr lagatextanum að framkvæmd

vörslusviptingar sé sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun, sem sé í sjálfu sér óháð fyrri stjórnvaldsákvörðunum MAST. Hlutverk lögreglu sé að framfylgja þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið, þótt lögregla stjórni þeirri aðgerð og beri ábyrgð á framkvæmd hennar. Í máli þessu hafi hlutaðeigandi verið upplýstir um það hvaða afleiðingar það myndi hafa ef fyrirmælum MAST yrði ekki fylgt og þeim verið veitt tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum vegna fyrirhugaðrar beiðni stofnunarinnar um vörslusviptingu. Því hafi ekki verið brotið gegn neinum málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, málið hafi verið ítarlega rannsakað og andmælaréttur virtur.

Stefndi andmælir því að frestur sem lögreglustjóri hefur til vörslusviptingar hafi verið liðinn og lögregluna þar með brostið lagaheimild til aðgerðarinnar. Þá telur stefndi að fyllsta meðalhófs hafi verið gætt.

Stefndi mótmælir bótakröfum stefnenda með vísan til þess hvernig fénu var ráðstafað og þess að stefnendur hafi skort aðstöðu til að hýsa féð. Í annan stað telur stefndi ljóst að ef eiginleg vörslusvipting hefði náð fram að ganga og fénu hefði verið ráðstafað, t.d. til nýs eiganda, þá hefði sú aðgerð verið í fullu samræmi við 16. gr. laga nr. 103/2002.

IV.

Þegar atvik þessa máls gerðust voru í gildi lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., sem síðar voru leyst af hólmi með lögum nr. 38/2013 um búfjárhald og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra. Í 1. gr. hinna eldri laga kom fram að tilgangur þeirra væri „að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbriggt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna“. Samkvæmt lögunum skyldi eftirlit með aðbúnaði og umhirðu búfjár vera í höndum starfsmanna MAST og búfjárefartilitsmanna, sbr. ákvæði laga nr. 167/2007 um breytingu á lögum nr. 103/2002, sbr. og ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 60/2000 um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra. Af efni tilvísaðra laga og reglna má glögg sjá að þeim hefur verið ætlað að veita yfirvöldum möguleika á að bregðast við tilvikum þar sem aðbúnaði eða fóðrun var ábótavant. Lögin gerðu jafnframt ráð fyrir þeim möguleika að gripið yrði til vörslusviptingar, með tilstuðlan lögreglustjóra, í tilvikum þar sem vægari ráðstafanir dygðu ekki til og brýnir hagsmunir útheimtu skjótar aðgerðir.

Undir rekstri málsins hafa stefnendur sjálfir vísað til þess að stjórnvöld höfðu áður felld hluta af búfjárstofni að Höfða og að sala Sigurðar heitins 19. mars 2012 á 329 kindum sem um ræðir í þessu máli hafi miðað að því að forðast að það henti í annað sinn. Þetta getur skipt máli þegar málatilbúnaður stefnenda er metinn og lagt mat á möguleika stefnenda til að forðast afskipti eftirlitsmanna. Í þessu samhengi verður heldur ekki alfarið fram hjá því horft að önnur gögn bera með sér að Sigurður heitinn hlaut dóm í héraði fyrir brot á dýraverndunarlögum og fleiri skyldum lögum á árinu 2003 þar sem fram kemur að héraðsdýralæknir í Borgarfjarðar- og Mýrarumdæmi hafi greint frá því fyrir dómi að hann hefði öðru hvoru allar götur frá hausti 1994 haft afskipti af félagsbúinu á Höfða í því skyni að reyna að fá ábúendur til að gera bragarbót á búskaparháttum. Sú viðleitni hefði hins vegar ekki borið árangur og sífellt sigið á ógæfuhliðina með stöðugri fjölgun búfjár, sem ábúendur hefðu ekki ráðið við.

Þetta er nefnt hér með vísan til þess að ástæða eftirlitsvitjunarinnar 30. janúar 2012 mun hafa verið ábending um slæma meðferð á dýrum og athugasemdir. Af framlögðum gögnum verður ekki annað séð en að eftirlitinu hafi verið sinnt í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 103/2002, sbr. sérstaklega ákvæði 16. gr. laganna, og voru niðurstöður eftirlitsins byggðar á álitum fjölmargra aðila sem hafa áratuga reynslu af aðbúnaði og umhirðu búfjár, þar á meðal mati héraðsdýralækna í tveimur umdæmum, dýralæknis, búfjárefstirlitsmanns o.fl. Verður því ekki á það fallist með stefnendum að umræddar aðgerðir teljist hafa farið í bága við lögmatísreglu eða rannsóknarreglu.

Við eftirlit MAST 1. mars 2012 kom í ljós að búið var að bæta úr einhverjum þeirra frávikum sem í níu liðum hafði þótt nauðsynlegt að krefjast úrbóta á. Eftirlitið annaðist héraðsdýralæknir vesturumdæmis, auk búfjárefstirlitsmanns og héraðsráðunauts. Samkvæmt niðurstöðum þeirra hafði húsakostur verið bættur að nokkru en þó ekki fyrir allan þann fjölda fjár sem á bænum var og fé hafði heldur ekki verið fækkað. Úrbætur varðandi aðra liði, svo sem vatnsrennsli í fjárhúsin og sjálfsbrynningu, voru taldar veigalítar og töldu eftirlitsmenn að fóðrun, brynningu og húsakosti væri enn ábótavant, en að húsakostur væri þó fullnægjandi fyrir 749 kindur. Í málatilbúnaði sínum hafa stefnendur ekki gert athugasemdir við framangreinda lýsingu aðstæðna á bænum.

Samkvæmt gögnum málsins var umboðsmanni Sigurðar heitins send tilkynning 7. mars 2012 um þá ákvörðun MAST að farið yrði fram á það við lögreglustjórann í Borgarnesi að allt fé umfram 749 kindur yrði tekið úr vörslum Sigurðar. Með tölvupósti 9. sama mánaðar var lögmaður stefnenda upplýstur um ákvörðun MAST. Gögn málsins bera ekki með sér að athugasemdir eða andmæli hafi komið fram af hálfu stefnenda á þessum tíma.

Með bréfi MAST til lögreglustjórans í Borgarnesi 9. mars 2012 var, með vísan til 3. mgr. 16. gr. þágildandi laga nr. 103/2002, farið fram á það að lögreglustjórinn hlutaðist til um að taka framangreindan fjölda sauðfjár úr vörslum Sigurðar heitins innan tveggja sólarhringa. Um rökstuðning var í bréfinu vísað til eftirfarandi atriða: *„Húsakostur sem um ræðir [samanstendur] af 7 húsum sem eru í mis góðu ástandi og nýting húsanna auk þess illa skipulögð. Þetta kemur niður á þeim fjölda sauðfjár sem húsakosturinn ræður við. Tvö af þessum húsum eru fullnægjandi og er rými fyrir 572 kindur í þessum húsum. Til viðbótar eru 3 hús sem eru í mjög lélegu ástandi en að svo stöddu verður þessi húsakostur [metinn] en frestur veittur til að lagfæra þessi hús. Húsin 3 sem eru léleg verða því [metin] sem húsakostur fyrir samtals 167 kindur. Verði þessi þrjú hús ekki bætt verulega má búast við að síðar verði krafist vörslusviptingar á 167 kindum til viðbótar. Heildarfjöldi sauðfjár sem hægt er að halda á búinu, með fyrrgreindum fyrirvara, er fyrir 749 kindur. Fjöldi sauðfjár á búinu er 1076, en nákvæma talningu er erfitt að framkvæma vegna mikillar lausagöngu sauðfjár á bænum. Samkvæmt þessu er ljóst að ekki hefur verið orðið við kröfu MAST frá 14. febrúar um úrbætur.“*

Svo sem fyrr bera framlögð gögn með sér að MAST hafi sent beiðni um vörslusviptingu til lögreglunnar með tölvupósti föstudaginn 9. mars 2012, nánar tiltekið kl. 14.53 þann dag. Erindinu var svarað af hálfu lögreglustjóra að morgni mánudagsins 12. mars 2012, nánar tiltekið kl. 10.31, og getur dómurinn því ekki slegið því föstu að erindið hafi verið komið til vitundar lögreglustjóra fyrr en þann dag. Fram kemur raunar í bréfi lögreglustjóra til Sigurðar heitins 13. mars 2012 að móttaka erindis MAST um vörslusviptingu *„miðist við kl. 09:00 mánudaginn 12. mars 2012, er skrifstofa Sýslumannsins í Borgarnesi var opnuð eftir helgarfri“*. Að þessu virtu og með hliðsjón af öðru sem fyrir liggur um aðkomu lögreglu að málinu verður ekki talið að stefnendum sé nokkurt hald í skírskotun til tveggja sólarhringa frests síðastnefnds ákvæðis þágildandi laga enda telur dómurinn ljóst að nefndur

tímafrestur hafi fyrst og fremst verið settur með tilliti til dýraverndunarsjónarmiða um skjóta aðkomu lögreglu. Í síðastgreindu samhengi hefur dómurinn haft hliðsjón af því sem fram kemur í málgögnum um bágan aðbúnað sauðfjár á bænum, sérstaklega að því er varðar þröngan og lélegan húsakost. Svo sem fyrr greinir liggur fyrir að með samningi 13. mars 2012 seldi Sigurður heitinn þær 329 kindur sem eftirlitsmenn höfðu talið að ofaukið væri á bænum og fækkaði þar með fé á bænum niður í þann fjölda sem sérfræðingar töldu að bújörðin Höfði bæri miðað við aðbúnað á þessum tíma. Samkvæmt öllu framanrituðu telur dómurinn óþarft að fjalla nánar um þann tíma sem leið frá því að síðastgreint erindi MAST barst lögreglu í mars 2012. Út frá fyrirbyggjandi staðreyndum um framsal Sigurðar heitins á 329 kindum 13. mars 2012 og eftirfarandi niðurfellingu vörslusviptingar á þeim ám, sbr. áður tilvitnað bréf sýslumanns 22. mars 2012, verður og hafnað málsástæðum stefnenda um tjón vegna vörslusviptingar, ellegar ætlaðrar haldlagningar og kyrrsetningar. Skýrlega var mælt fyrir um aðkomu lögreglu að málum sem þessu í þágildandi lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, sem og í rannsókn sem grundvallaðist á eftirlitsskyldu MAST með búfjárhaldi. Verður því ekki á það fallist með stefnendum að líta beri á aðgerðir lögreglu sem lið í rannsókn sakamáls eða að aðgerðirnar sem hér um ræðir hafi verið ólögmaetar og tilefnislausar.

Í ljósi þeirra fresta sem veittir voru til úrbóta og lagfæringa á bújörðinni verður ekki á það fallist með stefnendum að brotið hafi verið gegn meðalhófsreglu. Ábúendum gafst tóm til að selja umframféð með frjálsum samningum og var það gert, svo sem framlögð gögn staðfesta. Í ljósi allra atvika málsins verður stefndi ekki gerður ábyrgur fyrir því hvort salan taldist seljanda hagstæð eður ei.

Með vísan til alls framanritaðs, þ. á m. þess sem fyrir liggur um bágan húsakost og aðbúnað sauðfjár á jörðinni, sem ábúendur báru sjálfir ábyrgð á, sbr. ákvæði seinni málsliða 2. og 3. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, verður öllum kröfum stefnenda hafnað, þ.m.t. miskabótakröfu sem höfð hefur verið uppi af hálfu dánarbúsins.

Málskostnaður milli aðila fellur niður. Stefnandi, dánarbú Sigurðar Bergþórssonar, nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 1. mars 2017. Gjafsóknarþóknun lögmanns dánarbúsins, Ólafs V. Guðjónssonar, þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir. Í samræmi við dómvenju er þóknunin ákveðin án virðisaukaskatts.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af öllum kröfum stefnenda, Félagsbúsins Höfða sf. og dánarbús Sigurðar Bergþórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans þeirra, Ólafs V. Guðjónssonar, 850.000 krónur.

Arnar Þór Jónsson